

Fimmtudaginn 16. mars 1995.

Nr. 498/1993.

Pétur Pétursson

(Sigurmar K. Albertsson hrl.)

gegn

Ásgeiri Ólafssyni

Birgi Viðarssyni

Einari Sigurjónssyni

Elmari Þór Þorkelssyni

Hannesi Haraldssyni

Hilmari Ingimarssyni

Hreini Vilhjálmssyni

Huga Ingibjartssyni

Inga Jóhanni Valssyni

Jóhannesi Kjartanssyni

Jóni Einari Guðlaugssyni

Jóni V. Einarssyni

Kristni Margeiri Jóhannessyni

Kristjáni Jónssyni

Oliver Pálmarssyni

Óskari Barkarsyni

Péttri B. Sch. Thorsteinsson

Snæbirni Aðils

Sólberg Svani Bjarnasyni

Steingrími Sigurðssyni

Sveini Helga Geirssyni

Sölva Fannari Viðarssyni

Valbirni Jónssyni

Viðari Jónssyni

Þorgeiri Axelssyni og

Þórhalli Guðmundssyni

(Ólafur Sigurgeirsson hdl.)

Ærumeiðingar. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 8. desember 1993. Hann krefst þess, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda í héraði og dæmdur málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndu krefjast staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Nokkur ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt.

I.

Málavöxtum er lýst í héraðsdómi. Áfrýjandi er heilsugæslulæknir á Akureyri. Mál þetta er sprottið af ummælum, sem hann lét falla í viðtali við svæðisútvarpið á staðnum í þættinum Við leik og störf, sem fluttur var 3. apríl 1991. Er sá hluti viðtalsins, sem hér skiptir máli, rakinn í héraðsdómi. Vakti þetta viðtal töluverða athygli, og lögðu fjölmiðlar út af ummælum áfrýjanda og ræddu við hann.

Stefndu eru þátttakendur í Félagi áhugamanna um vaxtarrækt. Markmið þess er að efla vaxtarrækt á Íslandi. Stefndu tóku ummæli áfrýjanda til sín, og kærði lögmaður þeirra áfrýjanda 18. apríl 1991 til siðanefndar Læknafélags Íslands, sem áminnti hann með úrskurði 3. desember 1991. Taldi nefndin, „að með orðalagi sínu og því að hafa eftir alhæfingu um að það heyri til undantekninga að þeir, sem stundi vaxtarrækt, séu ekki á sprautum“, hafi hann farið út fyrir mörk hæfilegrar umfjöllunar af þessu tagi. Þá kvartaði lögmaðurinn undan áfrýjanda við Læknafélag Íslands með bréfi 14. maí 1991 og til landlæknisembættisins 15. maí 1991.

Stefndu og níu aðrir félagsmenn í framangreindu félagi höfðuðu mál þetta í héraði með stefnu, þingfestri 17. maí 1991. Hinir níu féllu síðar frá þátttöku sinni í málarekstrinum. Það, sem stefndu mislíkaði, var í fyrsta lagi, að áfrýjandi sagði í viðtalinu: „En mér skilst það, að þeir, sem stunda vaxtarrækt, það heyri til undantekninga, ef þeir karlmenn eru ekki á sprautum.“ Þá sagði hann einnig: „Eistun á þessum ræflum rýrna og verða ræfilsleg.“ Í héraði kröfðust stefndu ómerkingar á fyrrnefndu ummælunum. Þá kröfðust þeir, að áfrýjanda yrði refsað og hann dæmdur til að greiða þeim miskabætur og hæfilega fjárhæð til að standast kostnað af birtingu væntanlegs dóms í fjölmiðlum. Töldu þeir hvor tveggja ummælin varða refsingu samkvæmt ákvæðum 234., 235. og 236. gr. almennra hegningarlaga

nr. 19/1940. Ómerkja ætti fyrrnefndu ummælin samkvæmt 241. gr. sömu laga, og kröfu þeirra til miskabóta ætti að viðurkenna samkvæmt 264. gr. sömu laga.

Héraðsdómur tók til greina kröfu stefndu um ómerkingu ummælna og taldi þau varða við 234. og 235. gr. laga nr. 19/1940, en frestaði ákvörðun refsingar skilorðsbundið. Þá sýknaði hann áfrýjanda af öllum fjárkröfum. Fyrir Hæstarétti krefst stefndi einungis staðfestingar héraðsdóms. Koma því aðeins þær kröfur hans til skoðunar fyrir Hæstarétti, sem teknar voru til greina í héraði.

II.

Á það verður að fallast, að heilsugæslulæknum beri embættisleg skylda til að vekja athygli manna á því, sem skaðlegt getur verið heilsu þeirra. Samkvæmt gögnum málsins var fullt tilefni til þess að vekja athygli íþróttafólks á hættu þeirri, sem er samfara misnotkun hormónalyfja. Það gildi ekki síður um þá, sem stunduðu lyftingar og vaxtarrækt, en aðra. Skaða ber ummæli áfrýjanda, sem komu fram í þættinum Í dagsins önn, í þessu samhengi. Þá verður ekki dæmt um þessi ummæli án þess að líta til viðtalsins í heild.

Samkvæmt H. 1992, 556, gátu stefndu höfðað mál þetta. Átalin ummæli fjalla almennt um kraftlyftinga- og vaxtarræktarmenn, en ekki takmarkaðan hóp þeirra, og ummælin, sem óskað er, að verði ómerkt, eru höfð frá öðrum. Í viðtalinu í heild er rakið, hvaða líkamleg einkenni og sjúkdómar fylgja misnotkun þessara lyfja almennt, og lúta þau ekki að vaxtarræktarmönnum frekar en öðrum íþróttamönnum. Eru síðari ummælin, sem stefndu vitna til, af þessum toga.

Skýra verður ákvæði almennra hegningarlaga nr. 19/1940 um æruvernd út frá grundvallarreglum íslenskrar stjórnskipunar um frelsi manna til að tjá sig í ræðu og riti. Þeir einstaklingar, sem vilja bera fyrir sig þessi ákvæði, verða að sýna fram á, að átalin ummæli eigi við sig. Ekki er fram komið, að áfrýjandi hafi þekkt nokkurn hinna stefndu eða til félagsskapar þeirra. Fallast má á, að ummæli áfrýjanda í greindu viðtali hafi verið nokkuð harkaleg og falið í sér of mikla alhæfingu. Þau verða hins vegar ekki talin hafa átt sérstaklega við stefndu eða félag þeirra, heldur hafi þau beinst almennt að þeim, sem stunda kraftlyftingar og vaxtarrækt.

Niðurstaða framangreinds er því sú, að líta verður til þess brýna tilefnis, sem var til þess að vara við misnotkun hormónalyfja í íþróttum, til grundvallarreglna um tjáningarfrelsi og til þess, hve ummæli áfrýjanda eru almenns eðlis og beinast að stórum hópi manna. Þegar þetta allt er virt, verður að sýkna áfrýjanda af öllum kröfum stefndu í máli þessu.

Málskostnaðarákvæði héraðsdóms er staðfest.

Rétt er, að stefndu greiði málskostnað fyrir Hæstarétti, svo sem nánar er ákveðið í dómsorði. Hefur þá ekki verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

D ó m s o r ð:

Áfrýjandi, Pétur Pétursson, skal sýkn af öllum kröfum stefndu, Ásgeirs Ólafssonar, Birgis Viðarssonar, Einars Sigurjónssonar, Elmars Þórs Þorkelssonar, Hannesar Haraldssonar, Hilmars Ingimarssonar, Hreins Vilhjálmssonar, Huga Ingibjartssonar, Inga Jóhanns Valssonar, Jóhannesar Kjartanssonar, Jóns Einars Guðlaugssonar, Jóns V. Einarssonar, Kristins Margeirs Jóhannessonar, Kristjáns Jónssonar, Olivers Pálmarssonar, Óskars Barkarsonar, Péturs B. Sch. Thorsteinsson, Snæbjarnar Aðils, Sólbergs Svans Bjarnasonar, Steingríms Sigurðssonar, Sveins Helga Geirssonar, Sölva Fannars Viðarssonar, Valbjarnar Jónssonar, Viðars Jónssonar, Þorgeirs Axelssonar og Þórhalls Guðmundssonar, í máli þessu.

Málskostnaðarákvæði héraðsdóms er staðfest.

Stefndu greiði in solidum áfrýjanda 300.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

S é r a t k v æ ð i Hjartar Torfasonar

Ummæli aðaláfrýjanda um sprautunotkun íþróttamanna voru gálausleg og ekki studd eigin þekkingu hans á umræðuefninu að því marki, sem við hefði átt. Hefur honum ekki tekist að réttlæta þau gagnvart gagnáfrýjendum, sem höfðuðu mál sitt ekki að ástæðu-

lausu. Með tilliti til þessa tel ég engin efni til að gera þeim að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti. Að öðru leyti er ég samþykkur atkvæði meiri hluta dómenda.

S é r a t k v æ ð i **Péturs Kr. Hafstein**

Stefndu eru félagsmenn í Félagi áhugamanna um vaxtarrækt, en það er ekki aðili að Íþróttasambandi Íslands. Rúmlega helmingur félagsmanna stóð að þessari málshöfðun í héraði. Félagið er í fyrirsvári þeirra, sem leggja stund á vaxtarrækt hér á landi, þótt aðrir utan félagsins kunni að gera slíkt hið sama. Ekki er fram komið, að önnur félög starfi á sams konar grundvelli. Verður að telja, að það hafi ekki staðið öðrum nær en félagsmönnum í þessu félagi að taka upp þykkjuna fyrir vaxtarræktarmenn og þar með sjálfa sig vegna ummæla áfrýjanda. Var þeim rétt að höfða mál þetta samkvæmt 1. mgr. 47. gr. þágildandi laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði, og ber að leggja efnisdóm á kröfugerð þeirra á þessum forsendum.

Með hliðsjón af gögnum málsins og almennri þjóðfélagsumræðu var fullt tilefni fyrir áfrýjanda til varnaðarorða um skaðsemi hormónalyfja og misnotkun þeirra. Frumkvæði hans og forganga í þeim efnum, sem gögn málsins bera glöggvitni um, er í augljósu samræmi við skyldur hans sem lækni. Hin umdeildu ummæli áfrýjanda voru að vísu harkaleg og hafa ekki verið réttlætt gagnvart stefndu sérstaklega. Þó má ráða af því, sem fram er komið í málinu, að nokkur brögð muni vera að notkun hormónalyfja í tengslum við vaxtarrækt og kraftlyftingar.

Við úrlausn málsins verður að líta til þess, að tjáningarfrelsi í ræðu og riti er hornsteinn íslenskrar stjórnskipunar samkvæmt 72. gr. stjórnarskrárinnar, og ber að skýra ákvæði XXV. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940 með hliðsjón af því. Þær takmarkanir, sem tjáningarfrelsinu eru settar, verða að eiga sér örugga stoð í stjórnlögum og þeim alþjóðlegu skuldbindingum um mannréttindi, sem Íslendingar hafa gengist undir. Í 2. mgr. 10. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu, sem fullgiltur var af Íslands hálfu árið 1953, sbr. auglýsingu nr. 11/1954, og nú hefur verið veitt lagagildi hér á landi með

lögum nr. 62/1994, er mælt fyrir um heimild til lögbundinna takmarkana tjáningarfrelsis, meðal annars til verndar mannorði eða réttindum annarra, enda séu þær nauðsynlegar í lýðræðislegu þjóðfélagi. Er ekki unnt að fallast á, að ummæli áfrýjanda, sem fram voru sett í augljósum ýkjstíl til áhersluauka í umræðu um alvarlegt málefni, hafi keyrt svo úr hófi, að nauðsyn beri til þess að stemma stigu við þeim með áfellsdómi. Ber því að sýkna áfrýjanda af öllum kröfum stefndu og dæma þá til þess að gjalda honum málskostnað fyrir Hæstarétti. Eftir atvikum er rétt, að málskostnaður í héraði falli niður.

Dómur Héraðsdóms Norðurlands eystra 22. nóvember 1993.

Mál þetta, sem dómtekið var 25. f. m. að undangengnum munnlegum málflutningi þann dag, hefur Ólafur Sigurgeirsson hdl. höfðað með stefnu, út gefinni á Seltjarnarnesi 17. maí 1991 og birtri sama dag, fyrir hönd Ásgeirs Ólafssonar, Grenigrund 12, Akranesi, Birgis Viðarssonar, Sunnuvegi 3, Hafnarfirði, Einars Sigurjónssonar, Brekkubæ 20, Reykjavík, Elmars Þórs Þorkelssonar, Dugguvogi 10, Reykjavík, Hannesar Haraldssonar, Dalseli 35, Reykjavík, Hilmars Ingimarssonar, Spóahólum 14, Reykjavík, Hreins Vilhjálmssonar, Garðhúsum 2, Reykjavík, Huga Ingibjartssonar, Garðhúsum 2, Reykjavík, Inga Jóhanns Valssonar, Rauðarárstíg 41, Reykjavík, Jóhannesar Kjartanssonar, Háabardi 9, Hafnarfirði, Jóns Einars Guðlaugssonar, Borgarhóli 9, Hveragerði, Jóns V. Einarssonar, Pangbakka 8, Reykjavík, Kristins Margeirs Jóhannessonar, Veghúsum 9, Reykjavík, Kristjáns Jónssonar, Furugrund 6, Kópavogi, Olivers Pálmarssonar, Hraunbæ 182, Reykjavík, Óskars Barkarsonar, Nóatúni 32, Reykjavík, Péturs B. Sch. Thorsteinsson, Fellsmúla 22, Reykjavík, Snæbjörns Aðils, Grjótagötu 9, Reykjavík, Sólbergs Svans Bjarnasonar, Hjallabraut 37, Hafnarfirði, Sveins Helga Geirssonar, Skúlagötu 70, Reykjavík, Sölva Fannars Viðarssonar, Hamraborg 20, Kópavogi, Valbjörns Jónssonar, Hraunbæ 16, Reykjavík, Viðars Jónssonar, Hlíðarvegi 39, Kópavogi, Þorgeirs Axelssonar, Heiðarholti 7, Keflavík, Þórhalls Guðmundssonar, Gláðheimum 14, Reykjavík, og Steingríms Sigurðssonar, Álakvísl 72, Reykjavík, gegn Pétri Péturssyni, Hjarðarlundi 9, Akureyri.

Eftirgreindir aðilar hafa fallið frá málshöfðun á hendur stefnda: Hilmar Ögmundsson, Stekkjarhvammi 7, Hafnarfirði, Ævar Jónsson, Leifsgötu 21, Reykjavík, Jón Páll Sigmarsson, Bauganesi 3, Reykjavík, Tryggvi Rúnar Guðjónsson, Ási 2, Akureyri, Guðmundur Ö. Bergþórsson, Smárahlið 12 f, Akureyri, Úlfar Hauksson, Skarðshlíð 26 f, Akureyri, Guðjón S. Þórodds-

son, Sunnuhlíð 23 b, Akureyri, Guðlaugur Aðalsteinsson, Þingvallastræti 22, Akureyri, og Helgi Guðmundsson, Oddagötu 3, Akureyri.

Dómkröfur stefnenda eru þær, að stefndi, Pétur Pétursson, verði dæmdur til að greiða stefnendum öllum saman 7.800.000 kr. með dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 10. apríl 1991 til greiðsludags. Vaxtavextir reiknist í fyrsta sinn 10. apríl 1992 og síðan árlega. Enn fremur er þess krafist, að stefndi verði dæmdur til refsingar í samræmi við 234. gr., 235. gr. og 2. mgr. 236. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, þ. e. a. s. fangelsi í tvö ár, og að ummælin: „Mér skilst það, að þeir, sem stunda vaxtarrækt, það heyri til undantekninga, ef þeir karlmenn eru ekki á sprautum“, verði dæmd dauð og ómerk. Þá er þess krafist, að stefndi verði dæmdur til að greiða hæfilega fjárhæð til að standa straum af kostnaði við birtingu dóms í máli þessu í fjölmiðlum, og að lokum er þess krafist, að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnendum málskostnað að mati dómsins auk virðisaukaskatts á málskostnað og að tekið verði tillit til útlagðs kostnaðar, sbr. fram lagða reikninga, samtals 27.637 kr.

Stefndi krefst sýknu af öllum kröfum stefnenda í málinu og að þeir greiði sér málskostnað in solidum að mati réttarins, og beri málskostnaðarfjárhæð dráttarvexti samkvæmt III. kafla vaxtalaga frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags og að dráttarvextir leggist við tildæmdan málskostnað á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 12 mánuðum eftir upphafsdag vaxta. Þá er þess krafist, að virðisaukaskatti verði bætt við málskostnaðarfjárhæð, þar sem stefndi reki ekki virðisaukaskattsskylda starfsemi.

Upphafleg krafa stefnda var, að málinu yrði vísað frá dómi, og varð dómari við þeirri kröfu með dómi, upp kveðnum 21. febrúar 1992, en með dómi Hæstaréttar Íslands, upp kveðnum 20. mars sama ár, var frávisunardómurinn úr gildi felldur og lagt fyrir dómara að taka málið til efnismeðferðar.

Stefnendur lýsa málavöxtum á þá leið, að í hádegisfréttum Ríkisútvarpsins 10. apríl 1991 hafi nokkrum ummælum stefnda um vaxtarræktarmenn og kraftlyftingamenn verið útvarpað, en þau hafi verið tekin upp úr þættinum Í dagsins önn þá skömmu áður. Stefndi hafi sagt notkun hormónalyfja orðna mjög algenga meðal vaxtarræktarmanna og kraftlyftingamanna og sagt síðan, að sér skildist um þá, sem stunda vaxtarækt, „að það heyri til undantekninga, ef þeir karlmenn eru ekki á sprautum“. Þá hafi hann enn fremur sagt: „Eistun á þessum ræflum rýrna og verða ræfilsleg.“ Ýmis önnur meiðandi ummæli hafi verið höfð eftir stefnda, og síðan þetta var, hafi hann oftast bendlað íslenska vaxtarræktarmenn við ólögleg hormónalyf. Benda stefnendur á viðtal 10. apríl 1991 á Stöð 2, blaðagrein í Degi á Akureyri 19. apríl 1991 og viðtal í kvöldfréttum Ríkisútvarpsins 3. maí 1991.

Stefndi hafi bent á, að notkun þessara lyfja hafi í för með sér eftirfarandi sjúkdóma: krabbamein, geðveiki, sykursýki, háþrýsting, ófrjósemi, getuleysi og lifrarskemmdir.

Málsástæður og lagarök stefnenda eru þau, að í flestum íþróttum sé notkun hormónalyfja bönnuð og þar með ólögleg. Meðal þessara íþrótta séu kraftlyftingar og vaxtarrækt. Viðurlög við sannaðri notkun séu langt keppnisbann og við ítrekun ævilangt. Notkun greinist eingöngu með töku þvagsýna, og með nýjustu og fullkomnustu tækni sé unnt að finna notkun allt að tveimur árum aftur í tímann. Hið alvarlegasta sé þó, að notkunin sé siðferðislega ámælisverð og efnin kölluð „dóp“ meðal íþróttamanna og úti í þjóðfélaginu. Sá, sem beri það á sérstakan afmarkaðan hóp íþróttamanna, að þeir noti þessi lyf, sé í raun að kalla þá „dópista“. Slíkt sé meiðandi fyrir æru þeirra, sem fyrir því verða, og sé virðingu manna til hnekkis. Það, að aðdróttunir skuli koma fram á opinberum vettvangi, geri málið alvarlegra. Sé til þess vísað, að eftirfarandi ummæli stefnda varði við 234. gr., 235. gr. og 2. mgr. 236. gr. alm. hgl.: ...,að honum skildist, að þeir, sem stunda vaxtarrækt, að það heyri til undantekninga, ef þeir karlmenn séu ekki á sprautum“. Orð stefnda: „Eistun á þessum ræflum rýrna og verða ræfilsleg“, – og opinber framsetning orðanna sé einnig ærumeiðandi fyrir stefnendur og því haldið fram, að framangreindar hegningarlagagreinar séu einnig brotnar með þeim. Margítrekuð opinber framsetning þessara aðdróttana í helstu fjölmiðlum landsins séu þess eðlis, að stefnendur telji eðlilegt að beita efri mörkum refsirammans, þ. e. a. s. tveggja ára fangelsi. Enginn íslenskur kraftlyftingamaður hafi fallið á lyfjaprófi og einungis einn vaxtarræktarmaður, er orð þessi voru sögð. Enginn hafi viðurkennt notkun. Með hliðsjón af þessu gæti stefndi allt eins haldið því fram, að allir knattspyrnumenn notuðu kókaín, af því að slík notkun hefur sannast á einn þeirra, þ. e. a. s. knattspyrnumanninn Maradoña. Stefnendur séu allir vaxtarræktarmenn, þ. e. a. s. æfa eða keppa í vaxtarrækt, og séu félagar í Félagi áhugamanna um vaxtarrækt. Fjárkröfurnar grundvallist á því, að framangreindar aðdróttanir hafi valdið þessum vaxtarræktarmönnum miklum miska og óþægindum, ekki síst fyrir þá sök, að stefndi sé lækni og Íslandsmeistaramótið í vaxtarrækt var fram undan, þegar orðin voru sögð. Rógburður um lyfjamisnotkun eða „dóp“ sé litinn alvarlegum augum, en vart sé neitt meira meiðandi fyrir karlmann en fullyrðing um getuleysi eða ófrjósemi. Fyrir vaxtarræktarmann sé þetta enn alvarlegri áburður, þar sem markmið æfinga hans sé að fullkomna karlmannsímýndina. Vel þjálfaður líkami vaxtarræktarmanns eigi að þeirra mati að vera hámark karlmennskunnar, ímynd hreysti og heilbrigði. Eftir aðdróttanir stefnda hefur slíkur líkami verið not-

aður sem vörumerki fyrir lyfjamisnotkun, og benda stefnendur þar á dóm-skjal nr. 10, þar sem vaxtaræktarmaður í keppni sé sýndur á Stöð 2, meðan á fréttaviðtali stendur við stefnda. Hafandi í huga þennan öfluga fjölmiðil blandist engum hugur um, að það verði fyrsta hugsun margra, er sjá slíkan líkama birtast á baðstað, að þessi maður sé á hormónalyfjum. Aðdáunin hverfi, og virðingin verði álíka mikil og þar stæði heróín-sjúklingur. Í með-förum stefnda sé slíkur líkami manns sönnun um „dóp“, getuleysi og óheil-brigði. Þeir, sem taka stefnda trúanlegan, muni hugsa sig tvisvar um, áður en þeir ráði vaxtaræktarmann í vinnu, vegna þeirra alvarlegu sjúkdóma, sem fylgi lyfjanotkun þeirra.

Bótakröfur séu í lægri kantinum, þar sem stefnendur vilji ekki ofbjóða greiðslugetu stefnda. Þeir séu nú 26 talsins og geri kröfur um 300.000 kr. á mann í miskabætur.

Um lagarök vísa stefnendur til 234., 235. og 236. gr. almennra hegningar-laga nr. 19/1940, hvað varðar refsipátt, og um þá kröfu, að ummælin verði dæmd dauð og ómerk, er vísað til 241. gr. sömu laga, svo og um heimild til, að dæmdur verði kostnaður af birtingu dóms og til stuðnings miskabóta-kröfunni, er vísað til 264. gr. sömu laga. Dráttarvaxtakröfu sinni til stuðn-ings vísa stefnendur til 7., 10., 12. og 15. gr. vaxtalaga nr. 25/1987, og krafan um málkostnað er reist á XII. kafla einkamálalaga nr. 85/1936 og krafan um virðisaukaskatt á lögum nr. 50/1988.

Stefnendur styðja aðild sína 45. og 46. gr. laga nr. 35/1986 og samlags-aðildina 47. gr. sömu laga. Aðdróttanir stefnda beinist að öllum ónafn-greindum vaxtaræktarmönnum á Íslandi. Vaxtaræktarmenn séu þröngur hópur íþróttamanna, sem hvarvetna þekkist og skeri sig úr fjöldanum vegna kröftugrar vöðvabyggingar, sem þrotlausar æfingar, rétt mataræði og heilbriggt líferni hafi skilað þeim. Þá benda stefnendur til dóms Hæstaréttar, upp kveðins 20. mars 1992, máli sínu til stuðnings um aðild sína að málinu.

Stefndi lýsir málavöxtum svo í greinargerð sinni, er lögð var fram 5. sept-ember 1991, að hann hafi gegnt starfi heilsugæslulæknis í 12 ár og auk þess verið héraðslæknir á Vestfjörðum í 5 ár. Á öllum læknisferli sínum hafi hann verið virkur í almenningssuppfræðslu og rekið sterkan áróður fyrir heilsuvernd og bent á ýmsa þætti í heilbrigðiskerfinu, sem betur mættu fara. Hafi hann í þessu viðfangi beint orðum sínum bæði til almenninga og stéttarbræðra sinna.

Þessu til sönnunar hefur stefndi lagt fram allmargar tímaritsgreinar allt frá árinu 1984. Þar fjallar hann m. a. um hlutverk heilsugæslu og heil-brigðisstétta, gagnrýni á auglýsingamennsku lyfjafyrirtækja, þar sem gagn-rýninni er m. a. beint gegn stéttarbræðrum stefnda, svo og ritdeilur, er

spruttu af þeirri grein, einnig áróður í grein gegn ofnotkun sýklalyfja svo og grein um helstu áhættuþætti í lífsháttum og neysluvenjum, fyrirlestur um hlutverk heilsugæslu í dreifbýli og viðbrögð og svör stéttarbræðra svo og andsvör sín, fyrirlestur um ofvirkni í heilbrigðisþjónustunni svo og áróður um tannvernd í formi málsháttasmíða. Séu skjöl þau, sem lögð hafi verið fram, ekki nema brot af áróðri og skrifum sínum um heilsuvernd, heilsugæslu og ýmislegt, sem betur má fara í heilbrigðisþjónustunni, og sé spjótunum beint jafnt að stéttarbræðrum, lyfjafyrirtækjum, yfirmönnum heilbrigðismála og síðast, en ekki síst, til alls almennings.

Umfjöllunin um málefni það, er mál þetta snúist um, sé einungis einn þáttur í þeirri heilsupólitík, sem hann telji sér skylt að stunda, og rökrétt framhald starfa sinna sem héraðs- og heilsugæslulæknis, og telur stefndi nauðsynlegt að leggja með sér dæmi af skrifum sínum til þess að gefa sýnishorn af stílbrögðum, orðfæri og þeim róttæka tjáningarmáta, sem honum sé eiginlegur. Fáí engum það dulist, er les, að hann hafi gott vald á stíl og riti kjarnyrt mál, sem hafi vakið eftirtekt og viðbrögð, og í greinum þessum sé síst tekið vagnar á hlutunum en í skjölum þeim, er sóknaraðilar leggja með sér og reisa málsókn sína á. Hafi með þessu tekist að ná eyrum þeirra, er átt hafa að hlusta, og m. a. til flestra fjölmiðla, með sjónarmið sín, sem sýni og sanni, að litrík og kjarnyrt framsetning nái þó enn í gegnum allan fjölmiðlagnýinn.

Að því er þetta tiltekna mál varði, sé ljóst, að hann hafi í starfi sínu sem læknir orðið var við misnotkun ýmissa lyfja við íþróttaiðkun. Sé þessi misnotkun þekkt og viðurkennd sem alþjóðlegt vandamál og hafi verið til umfjöllunar á alþjóðavettvangi og í tengslum við íþróttaiðkun og um þetta verið fjallað í erlendum læknaritum. Öllum megi ljóst vera, að þetta vandamál sé staðreynd hér á landi, og hafi íslensk íþróttahreyfing tekið á þessu og íslenska ríkið gerst aðili 1991 að evrópskum samningi um bann við notkun ýmissa lyfja. Einnig hafi lyfjaeftirlitsnefnd Íþróttasambands Íslands gefið út handbók 1990 fyrir íþróttamenn og sett á bannlista efni, sem skipta máli í sambandi við mál þetta.

Misnotkun lyfja virðist einkum eiga við um svonefnd vefjaaukandi lyf (anaboliska stera, sbr. bls. 15, C-flokk, á dskj. nr. 25). Afleiðingar ofnotkunar þessara lyfja séu m. a. eistnarýrnun, getuleysi og brjóstastækkun hjá karlmönnum, æxli í lifur, hækkun blóðþrýstings og skert sykurla. Verst muni þó vera truflun á andlegri heilsu, en misnotkun leiði oft til geðveilu og stundum hreinnar geðveiki, og vísar stefndi um það atriði til greinar Ara Jóhannessonar, læknis og innkirtlafræðings, í Morgunblaðinu 6. 6. 1991, sbr. dskj. nr. 26, og greinar Birgis Guðjónssonar læknis í sama blaði haustið

1988, sérprentun, sbr. dskj. 27, og skýrslu sama læknis frá öðrum alþjóðahéimsfundi Alþjóðafriðsfróttasjóðsins um lyfjamisnotkun í íþróttum o. fl. 1989, sbr. dskj. nr. 29. Öll síðastnefnd dómskjöl staðfesti lýsingar á afleiðingum misnotkunar lyfja þessara.

Vegna staðhæfingar stefnenda um, að notkun lyfja þessara megi greina allt að tvö ár aftur í tímann, bendir stefnandi á álit Magnúsar Jóhannssonar, prófessors í lyfjafræði, en í vottorði prófessorsins frá 16. ágúst 1991, sem lagt er fram á dskj. nr. 29, segir svo: „Flestir vefaukandi sterar (bæði af flokki a og b) eru horfnir úr blóði og þvagi 2–3 vikum eftir að töku var hætt, en suma stera, sem gefnir eru sem stungulyf (einkum af flokki b) og eru olíulausn með forðaverkun, er unnt að finna í þvagi í allt að eitt ár. Af augljós-um ástæðum eru slík stungulyf með forðaverkun lítið eftirsótt af íþrótta-mönnum, þeir sækjast hins vegar eftir vefaukandi sterum í formi taflna eða stungulyfja með stutta verkun. Af þessu má sjá, að undantekningarlítið er einungis unnt að greina lyfin í nokkrar vikur, eftir að töku þeirra var hætt.“ „Niðurstaða: Notkun vefaukandi stera er yfirleitt ekki hægt að greina með rannsóknnum á þvagi eða blóði nema í örfáar vikur og í mesta lagi fá-eina mánuði, eftir að steranotkun var hætt.“ Svo og sé fróðlegt að líta á sölulista Lyfjaeftirlits ríkisins yfir það magn, sem notað hefur verið árlega hér á landi af þessum lyfjum. Í ljós komi, að notkunin sé veruleg, og segi það sína sögu. Vísar stefnandi þar til dskj. nr. 30, sem er yfirlit yfir sölutölur frá 1978 til og með 1990.

Í þrengra samhengi sé atburðarásin á þá leið, að stefndi hafi átt viðtöl í útvarpsþáttum um heilbrigðismál fyrr um veturinn 1991. Í þættinum Við leik og störf, er útvarpað var 3. apríl 1991, hafi m. a. verið rætt um háþrýst-ing, og hafi þá komið til umræðu misnotkun á lyfjum þeim, er hér skipta máli. Hafi þetta vakið athygli fjölmiðlamanna og af því tilefni rætt við stefnda tvívegis í útvarpi og hann kallaður til viðtals í sjónvarp. Hafi þessi fjölmiðlaumræða kallað fram hörð andsvör frá forsvarsmönnum vaxtar-ræktar- og kraftlyftingamanna. Hafi lögmaður þeirra m. a. ritað Læknafé-lagi Íslands bréf, dags. 14. maí 1991, sbr. dskj. nr. 6, þar sem hann telji spurn-ingu, hvort stefndi sé að dreifa gögnum og sjúkrasögum um íþrótta-menn, og klykki hann út með því að telja siðferðislega bresti stefnda þess eðlis, að varhugavert sé, að hann haldi læknaleyfi sínu. Svo og hafi hann kært um-mæli stefnda til siðanefndar læknafélagsins, og er niðurstaða siðanefndar 3. desember 1991, sbr. dskj. nr. 53. Í úrskurði siðanefndar segir svo: „Fallast má á það með Péttri Péturssyni, að efni hafi verið til þess að víkja að lyfja-misnotkun íþrótta- og vaxtarræktarmanna í nefndu viðtali, og vísast um þetta einkum til þess, sem fram kemur í bréfi landlæknisembættisins til

kæranda, dagsettu 4. september sl., þar sem segir, að af svörum lækna við fyrirspurn embættisins megi draga þá ályktun, að steraanotkun kraftlyftingamanna og vaxtaræktarmanna sé útbreidd og að með tilliti til skaðsemi þeirra lyfja sé augljóst, að hér sé um mál að ræða, sem læknum beri að vekja athygli á. Það er álit nefndarinnar, að með því að vekja máls á misnotkun stera hafi Pétur Pétursson hagað sér í samræmi við þá meginreglu, að hlutverk lækna er verndun heilbrigði og barátta gegn sjúkdómum. Þá þykir ekkert í gögnum málsins renna stoðum undir þá fullyrðingu, að Pétur hafi gerst brotlegur við ákvæði siðareglna lækna um þagnar- og trúnaðarskyldu, þar sem hann fjallaði almennt um efnið. Hins vegar þykir nefndinni, að með orðalagi sínu og því að hafa eftir alhæfingu um, að það heyrir til undantekninga, að þeir, sem stundi vaxtarækt, séu ekki á sprautum, hafi Pétur farið út fyrir mörk þau, sem setja verður umfjöllun af þessu tagi, og með því gerst brotlegur við upphafsákvæði 10. gr. I. kafla siðareglna lækna, og beri því að áminna hann. Hins vegar þykja engin efni til að gera honum viðurlög vegna þessa.

Úrskurðarorð.

Siðanefnd Læknafélags Íslands telur lækninn Pétur Pétursson hafa í útvarpsviðtali 3. apríl sl. farið út fyrir mörk upphafsákvæðis 10. gr. I. kafla siðareglna lækna, og er hann áminntur um að hafa ákvæði þeirra í heiðri. “Grein þessi hljóðar svo: „Læknir skal gæta fyllstu varkárni í ummælum um fagleg mál, bæði í ræðu og riti, og íhuga ábyrgð sína í því efni, hvort sem hann ræðir við einstakling eða á almennum vettvangi.“ Stefndi telur, að hann fylgi 2. gr. siðareglanna, þar sem segi: „..., að starfi þeirra fylgir ábyrgð gagnvart einstaklingum og samfélagi og þeir geta því aðeins vænst trausts, að þeir geri sér far um að uppfylla þær siðferðilegu kröfur, sem þekking, tækni og félagslegt hlutverk leggja þeim á herðar á hverjum tíma.“

Svo sem áður greinir, viðhafði stefndi ummæli sín í þættinum Við leik og störf, sem fluttur var í Ríkisútvarpinu 3. apríl 1991, og þykir dóminum samhengisins vegna rétt að ummælin komi hér fram: „Guðrún Frímannsdóttir stjórnandi: En þú nefnir konur á pillunni. Hvers vegna tekurðu þær sérstaklega fyrir?

PIP: Það er vegna þess, að þau hormón, sem eru í pillunni, eru nú þekkt að því að geta valdið tímabundnum háþrýstingi. Hins vegar ber að geta þess, að kvenhormónin eru verndandi fyrir æðakölkun. Nú, þegar byrjað var að nota getnaðarvarnarpillur fyrir um það bil 30 árum, þá voru notaðir töluvert hærri skammtar heldur en nú er, og læknar ráku sig á alvarlegar afleiðingar, heilablæðingar og þess háttar, og það, þá var oftast nær um að

ræða háþrýsting líka, sem ekki var nógu vel meðhöndlaður. En þetta sést nú nánast ekki lengur, sem betur fer. Nú, það er kannski vert að geta þess á þessum síðustu og verstu tímum yfirborðsins, að hormónanotkun er orðin mjög algeng hjá íþróttamönnum, ólögleg hormónanotkun. Þetta er flutt inn, hormón frá löndum, þar sem eftirlit er ekki strangt, alls konar framleiðsla, bílskúrsframleiðsla, sem við náttúrulega vitum ekkert, hvernig er, og það hefur sýnt sig, að þessi notkun getur flýtt fyrir, að háþrýstingur geri vart við sig.

Guðrún: Áttu við, að íþróttamenn hér á landi neyti ólöglegra hormónalyfja, sem séu hættuleg?

PIP: Já, ég á við það. Það eru nú einkum vaxtarræktarmenn og lyftingamenn, sem gera þetta, en síður náttúrulega í þeim greinum, þar sem fylgst er með þessum mælingum. En mér skilst það, að þeir, sem stunda vaxtarrækt, það heyri til undantekninga, ef þeir karlmenn eru ekki á sprautum. Og þetta er mjög alvarlegt mál.

Guðrún: Og hvaða afleiðingar getur þetta haft í för með sér?

PIP: Ja, þær eru ótalmargar, og sennilega vitum við fæstar þeirra fyrir, vegna þess að þessir hlutir hafa ekki verið rannsakaðir nógu vel, vegna þess að það var hreinlega ekki vitað nógu vel um þetta. Og það, sem er náttúrulega alvarlegast, er hugsanlega aukin tíðni krabbameins. Hins vegar hefur ekkert verið sannað um það ennþá. Hins vegar vitum við það nú, að það verða ýmsar, geta orðið ýmsar lifrarskemmdir, oftast nær tímabundnar, af hormónanotkun íþróttamanna. Eistun á þessum ræflum rýrna og verða ræfilsleg. Það er nú, sem betur fer, oftast nær tímabundið. Ófrjósemi hefur verið lýst og sem sagt visst vandamál, en það má sem sagt telja lengi upp auka-verkanirnar, en rannsóknir hafa ekki verið nægilega miklar á þessu sviði ennþá.

Guðrún: En þarna kemur háþrýstingur inn í myndina líka?

PIP: Já, háþrýstingur og sykursýki eru sem sagt tvær afleiðingar af þessu“.

Einnig þykir rétt, að fréttin, sem birtist í Ríkisútvarpinu 10. apríl 1991 í tilefni af viðtali þessu, sé rakin í heild:

„Þulur RÚV: Pétur Pétursson, heilsugæslulæknir á Akureyri, segir notkun hormónalyfja orðna mjög algenga á meðal vaxtarræktarmanna og kraftlyftingamanna. Þetta kom fram í þættinum Í dagsins önn.

Broddi Broddason þulur: Það hefur lengi loðað við íþróttir, einkum kraftaíþróttir af ýmsu tagi, að keppendur í þeim greinum noti hormóna eða stera til að auka getu sína í íþróttum. Íþróttayfirvöld hafa beitt sér gegn þessu, og strangar reglur gilda um notkun lyfja, og eiga íþróttamenn yfir

höfði sér fyrirvaralausar rannsóknir í kringum íþróttakeppni. Tveir hópar utan Íþróttasambands Íslands eru á hinn bóginn ekki háðir þessum reglum. Það eru kraftlyftingamenn og vaxtarræktarmenn. Að þessum mönnum vék Pétur Pétursson lækni orðum í þættinum Í dagsins önn á dögunum. Hann sagði, að notkun hormónalyfja væri orðin mjög algeng meðal þeirra og að notkun lyfjanna gæti flýtt því, að háþrýstingur gæti komið fram.

Pétur Pétursson sjálfur: Það eru nú einkum vaxtarræktarmenn og lyftingamenn, sem gera þetta, en síður náttúrulega í þeim greinum, þar sem fylgst er með þessum mælingum. Mér skilst, að þeir, sem stunda vaxtarrækt, að það heyri til undantekninga, ef þeir karlmenn eru ekki á sprautum. Hins vegar vitum við það nú, að það verða ýmsar, geta orðið ýmsar lifrarskemmdir, oftast nær tímabundnar, af hormónanotkun íþróttamanna. Eistun á þessum ræflum rýrna og verða ræfilsleg. Það er nú, sem betur fer, oftast nær tímabundið.

Pulur RÚV: Pétur segir neyslu hormónalyfja opinbert leyndarmál, sem enginn viðurkenni opinberlega, en læknar hafi fengið mörg dæmi, þar sem rekja megi háþrýstitilfelli í drengjum til neyslu slíkra efna. Og orðrómurinn segir, að það heyri til undantekninga, ef menn í þessum greinum noti ekki hormónalyf.“

Stefndi reisir sýknukröfu sína í fyrsta lagi á því, að er hann lét orð sín falla í viðtölum, eigi hann ekki við neina tilgreinda einstaklinga. Enginn sé nefndur á nafn, og hann þekki ekkert til stefnenda. Í stefnu sé fullyrt, að stefnendur æfi og keppi í vaxtarrækt og séu félagar í samtökum vaxtarræktarmanna. Á dskj. nr. 10, er hafi að geyma félagaskrá áhugamanna um vaxtarrækt, sé ekki að finna nafn stefnandans Inga Jóhanns Valssonar, en þar séu tíundaðir alls 64 félagsmenn. Hvernig fari þá um hina, sem ekki stefna, bíði þeir niðurstöðu dómsins og komi þá með fjárkröfur upp á 300.000 kr. hver? Hvað um alla þá, sem utan félagsins standa og æfa þessa íþrótt? Eru þeir ekki allir jafn-miður sín vegna ummælanna og gefa sig fram, ef stefnda yrði dæmt áfall? Hvað um kraftlyftingamenn, sem skipta tugum og einnig eru nefndir til sögunnar í viðtölum, bíða þeir líka? Af þessu megi ráða, að ummælin séu allt of viðtæk og eigi við allt of stóran hóp manna á ólíkum stað og stund í þjóðfélaginu. Það sé hvergi nafngreindur einstakur eða afmarkaður hópur vaxtarræktar- eða kraftlyftingamanna, til að um aðild að máli sem þessu geti verið að ræða.

Stefndi telur, að Hæstiréttur hafi alls ekki í dómi sínum 20. mars 1991 tekið á aðildarþættinum, er málinu var heim vísað. Bendir hann á dóm frá 1894 í þessu samhengi, en þar hafi fiskimenn frá Raumsdal verið ásakaðir um fyllirí og ólífnað á vetrarvertíð í Norður-Noregi. Hæstiréttur Noregs hafi

talið hópinn stærri en svo, að unnt væri að telja, að ummælin beindust að einhverjum einstökum þeirra. Sé dómur þessi í fullu gildi og eigi vel við í þessu tilfelli. Einnig nefnir hann sem dæmi, að oft megi heyra þá staðhæfingu, að Skagfirðingar séu bæði hesta- og skáldaníðingar. Aldrei hafi heyrst um málaferli vegna þess arna. Um stjórnmálaflokka heyrst oft illyrði, og eigi þar enginn meiri eða minni hlut. Þá nefnir hann allan þann grúa af aulabröndurunum, sem gangi um Hafnarfjörð og Hafnfirðinga, en þar hafi aldrei verið reynt að spyrna við fæti, og telur stefndi, að umræða sú, er mál þetta snúist um, sé allt of víðtæk og almenns eðlis, til þess að einstakir menn innan vaxtarræktar og kraftlyftinga geti gripið þau til að efna til málýfinga og málaferla.

Í öðru lagi verði að skoða sjálf ummælin að svo miklu leyti sem þau megi skoða sem hluta af kröfugerð stefnenda. Það, sem helst fari fyrir brjóstið á stefndum, séu orðin: „Mér skilst, að þeir, sem stunda vaxtarrækt, að það heyri til undantekninga, ef þeir karlmenn eru ekki á sprautum.“ Hvað er að þessu? Hér er ekkert fullyrt, honum skilst, að flestir, sem stundi vaxtarrækt, misnoti lyf. Þessi orð hljóti að vera innan leyfilegra marka um þetta heilbrigðisvandamál, sem sannarlega sé til. Allt annað sé óleyfileg túlkun og of-túlkun, og bendir stefndi á dskj. nr. 5 og 6, en dskj. nr. 5 er kæra lögmanns stefnenda, dagsett 18. apríl 1991, til siðanefndar Læknafélags Íslands, en dskj. nr. 6 kæra sama til Læknafélags Íslands, dags. 14. maí 1991, þar sem lögmaðurinn fullyrði, að stefndi hafi haldið því fram fullum fetum, að misnotkun hormónalyfja viðgengist nær undantekningarlaust meðal kraftlyftinga- og vaxtarræktarmanna. Hin ummælin eru: „Eistun á þessum ræflum rýrna og verða ræfilsleg.“ Það sé erfitt að finna móðgun eða alvarlegan áburð í þessum orðum. Það sé læknisfræðileg staðreynd, að einmitt þetta sé afleiðing af misnotkun hormónalyfja, sbr. áður ívitnuð dskj. nr. 26 og 27. Að öðru leyti sé ljóst af setningunni, að stefndi noti stuðla og höfuðstafi, svo sem honum sé eiginlegt.

Í þriðja lagi er það reglan *exceptio veritatis*, þ. e. a. s. sannindareglan. Hvert orð, sem stefndi hafi sagt, geti hann sannað og lagt fram gögn máli sínu til stuðnings. Það sé þekkt staðreynd, að íslenskir íþróttamenn hafi fallið á svonefndum lyfjaprófum í íþróttum. Megi þar nefna kringlukastara á Ólympíuleikunum í Los Angeles 1984. Þá sé að nefna vaxtarræktarmanninn Ívar Hauksson, er hafi fallið á lyfjaprófi í keppni í Malajsíu, svo og viðtal við Ívar þennan í tímaritinu Mannlífi árið 1990, sbr. dskj. nr. 31, en þar nefni hann stórfellda lyfjamisnotkun erlendis, en neiti innlendra neyslu. Aðra sögu segi Stefán Sturla Svavarsson í viðtali í Helgarpóstinum 1984, sbr. dskj. nr. 32, en þar lýsi hann napurri reynslu sinni af lyfjamisnotkun og

fullyrði m. a. um almenna notkun þeirra og nefni m. a. til (góða) lækna, sem hafi verið fúsir til að útvega sér lyf.

Vegna þeirrar fréttaumræðu, sem spratt af málaferlum þessum, hafi ýmsir stéttarbræður stefnda sent honum bréf og upplýsingar um þessa lyfjamisnotkun, sem sjá megi á dskj. nr. 33–50. Af gögnum þessum megi ráða, að lyfjamisnotkun feli í sér alvarlega heilsuvá, sem fram komi sem geðveiki, aukin árásargirni, tilfinningasveiflur, dómgreindarleysi, truflun á lifrarstarfsemi, ígerðir, graftarbólur, skeggvöxtur stúlkna, brjóstastækkun karla, eistnarýrnun, ófrjósemi, getuleysi, sykursýki, æðakölkun, og háþrýstingur. Bent er á, að þeir, sem lyfin nota, geri sér enga grein fyrir áhættunni, útbreiðslan sé slík, að næstum heyri til undantekninga meðal keppnismanna, að ekki séu notuð steralyf. Lyfin virðist auðfengin, m. a. með auðveldu smygli, og ómenntaðir þjálfarar haldi þeim að fólki. Fram komi og, að íslenskir læknar virðist, a. m. k. til skamms tíma, hafa séð misnotendum fyrir lyfjum. Megi finna dæmi um, að fólk neyti þessara lyfja til þess eins að hressa upp á útlitið. Þegar gögn þessi séu skoðuð, sé einsýnt, að hér hafi verið farið með rétt mál og síst nokkuð ofsagt og ummæli stefnda því refsilaus með öllu. Í þessu viðfangi megi m. a. nefna, að Íslandsmeistari fullorðinna í vaxtarækt hafi verið staðinn að innflutningi á 8.000 steratöflum nú í sumar, sem hann hafi ætlað til eigin neyslu.

Í fjórða lagi leiði réttlætíngarástæður og gæsla hagsmuna til sýknu. Stefndi sé læknir og noti tækifæri, sem gefist, til að gera skyldu sína og vara við þessu heilbrigðisvandamáli, sem virðist ætla að bera árangur. Sé það allt í samræmi við 1. gr. siðareglna lækna, codex ethicus, sem segi, að hlutverk þeirra sé verndun heilbrigði og barátta gegn sjúkdómum. Hér séu miklir hagsmunir og ótvíræðir. Hér gangi stefndi fram fyrir skjöldu sem læknir og veki athygli fólks og þá aðallega unglinga á stórhættulegum lyfjum og afleiðingum misnotkunar þeirra. Misnotkun lyfja sé staðreynd og vandamál í íþróttum, sem stefnendur viðurkenni einnig. Meiðyrðalöggjöf geti ekki og megi ekki hindra eðlilega og nauðsynlega umræðu um jafnalvarlegt mál og hér um ræðir. Umræðan í máli þessu sé „opinbert“ mál, sem alla varði, og ætluð til gæslu almannahagsmuna.

Í fimmta lagi verði að gefa gaum að 72. gr. stjórnarskrár lýðveldisins, þar sem öllum sé tryggt tjáningarfrelsi. Menn eigi rétt á að tjá hugsanir sínar í ræðu og riti, og ritskoðun eða tálmanir á prentfrelsi megi ekki í lög leiða. Af þessu leiði, að í þjóðfélaginu sé þörf á opinberum og óhindruðum umræðum, og höft megi ekki leggja á. Meiðyrðalöggjöfin setji að vísu skorður við 72. gr. stjórnarskrárinnar og menn almennt ábyrgir orða sinna. Slíkt eigi þó að vera undantekningin, en málfrelsið aðalreglan. Það verði ætíð að

hafa í huga, einnig í máli þessu. Þessu til stuðnings bendir stefndi til 10. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu og dóms Mannréttindadómstóls Evrópu, upp kveðins 25. júní 1992, í máli Þorgeirs Þorgeirssonar gegn íslenska ríkinu, þar sem áfellsisdómur Hæstaréttar Íslands yfir Þorgeiri Þorgeirssyni frá 20. október 1987 hafi verið léttvægur fundinn, m. a. þar sem áfellsisdómurinn hafi verið til þess fallinn að fæla menn frá hreinskilinni umræðu um málefni, sem allan almenning varði.

Stefnendur halda því fram, að orð stefnda í sinn garð hafi verið mjög ómakleg og að tilgreina þá sérstaklega sem lyfjamisnotendur í íþróttum, þar sem lyfjamisnotkun sé sameiginlegt vandamál í öllum íþróttagreinum, svo og eigi sannindareglan, *exceptio veritatis*, ekki við í þessu tilviki, því að ummælin verði að vera sönn, þegar þau séu fram borin, en marklaust af stefnda að safna saman eftir á ummælum og misjafnlega merkilegum vottorðum stéttarbræðra sinna. Við gæslu hagsmuna megi menn ekki ganga úr hófi fram með illmælgj og aðdróttunum að einstökum mönnum eða hópi manna. Hafi stefndi sýnt af sér animus injuriandi, þ. e. a. s. viljann til þess að meiða eða skaða stefnendur, þar sem hann hafi lýst yfir því eftir á, að hann hafi m. a. viljað gera þá hlægilega.

Stefndi skoraði á stefnendur að koma fyrir dóm til þess að gera grein fyrir þeim meiðingum og miska, sem þeir hefðu orðið fyrir vegna ummæla hans, ella yrði fjarvera þeirra skýrð honum í hag, sbr. 2. mgr. 50. gr. laga nr. 91/1991, en lögmaður stefnenda benti á d-tl. 1. mgr. 97. gr. sömu laga, þ. e. a. s. þörf stefnenda að ferðast um langan veg. Þar á móti benti stefndi á, að stefnendum hefði frá upphafi verið kunn landfræðileg lega Akureyrarkaupstaðar, þar sem hann sé sóttur til saka, svo að fjarvera þeirra sé á engan hátt afsakanleg. Aukin heldur hafi stefnendur tekið fram í stefnu, að nauðsynlegt væri, að tekin yrði skýrsla af þeim öllum, og þeir ekki boðað lögmæt forföll. Til lagaraka vísar stefndi til 47. gr., 68. gr., 158. gr. og 159. gr. laga nr. 85/1936, 108. gr. og XXV. kafla laga nr. 19/1940.

Hér fyrir dóm kom stefnandi, Valbjörn Jón Jónsson bakari. Kvaðst hann hafa iðkað vaxtarækt frá vori 1980 og orðið tvívegis Íslandsmeistari í þeirri grein, 1987 og 1989, og verið varaformaður Félags áhugamanna um vaxtarækt. Kvað hann lyfjanotkun í íþróttum vera þekkt vandamál og að vaxtarækt væri íþrótt. Ummæli stefnda 10. apríl 1991 hafi verið „skurðarpunktur“ í viðhorfi til íþróttarinnar. Hafi hann orðið fyrir skætingi í sundlaugum og á opinberum stöðum, kallaður ræfill og með lítil eistu í fréttum. Hann kvaðst ekki haldinn krabbameini, geðveiki, getuleysi, háþrýstingi, lifrarskemmdum né öðrum þeim sjúkdómum, er stefndi hafi tilfært.

Hann taldi sig hafa verið formann Félags áhugamanna um vaxtarækt

1991, er ummælin voru viðhöfð. Hafi verið borin fram tillaga í félaginu um að fara í mál og félagsmenn skrifað sig á lista. Nú stundi um 30–40 menn vaxtarrækt sem keppnisgrein. Hann kvaðst hafa fundið til tortryggni eftir ummæli stefnda og lítilsvirðingar. Hafi hann heyrt sagt í sundi orð svo sem lyfjaskrímsli o. s. frv. Hafi þessi afstaða ekki breyst síðan, og m. a. hafi landlæknir „bakkað stefnda upp“, en sárast hafi sér fundist, að ummæli stefnda hafi bitnað á saklausum börnum sínum. Hann kvaðst ekki geta sagt til í krónum talið, hvað hann hefði tapað í viðskiptum, en hann rekur bakarí í sameignarfélagi. Í fyrsta sinn hafi verið lyfjaprófað 1992 í vaxtarrækt, en undirbúningur staðið frá 1990, og hafi hann átt þátt í þeim undirbúningi.

Aðspurður sagði hann, að þeir félagsmenn, sem hefðu ekki viljað eiga þátt í þessari málsókn, yrðu að gera það upp við sig sjálfa.

Fyrir dómi ber stefnandinn Sölvi Fannar Viðarsson iðnverkamaður, að hann hafi byrjað í vaxtarrækt í janúar 1988 og orðið Íslandsmeistari unglunga það ár og 1991. Búi hann með konu, og beri engan skugga á þeirra sambúð, og sé hann ekki haldinn neinum þeim sjúkdómum, sem stefndi hafi upp talið. Hafi hann orðið fyrir óþægindum vegna ummæla stefnda, og m. a. hafi hann þurft að hætta sumarvinnu hjá Vífilfelli hf. árið 1992, þar eð hann hafi sætt ofsóknum eins yfirmanns vegna vaxtarlags síns. Hafi hann verið lítilsvirtur af fólki, ásakaður um getuleysi, við sig sagt, að hann væri eins og sprautu í framan. Hafi hann aldrei neytt lyfja, en taka verði á lyfjaneyslu í íþróttum með skynsamlegum hætti. Ekki minnst hann þess, hvort borið hafi verið undir atkvæði á fundi að fara í mál við stefnda, heldur hafi einhugur verið um að fara í mál. Áður en stefndi lét ummælin falla hefði verið um það talað, hve hann liti vel út og væri hraustlegur. Ekki kvaðst hann hafa orðið var við misnotkun á sterum í sínum félagsskap. Sé hann á móti notkun steralyfja í íþróttum, en höfuðmáli skipti, að umræðan fari fram á málefnalegan hátt.

Fyrir dómi ber stefnandinn Elmar Þór Þorkelsson nemi, að hann hafi byrjað vaxtarrækt haustið 1988 og sé nú meistari unglunga í vaxtarrækt. Sér líði á allan hátt mun betur, eftir að hann hóf þá íþróttaiðkun. Hafi hann verið í sambúð í tvö ár og ekki borið skugga þar á, og sé hann ekki haldinn þeim sjúkdómum, sem stefndi telji upp, og hafi karlmennska sín ekki beðið hnekki, nema síður væri, eftir að hann hóf iðkun vaxtarræktar. Hafi hann verið lítilsvirtur eftir ummæli stefnda, því að í símaskrá, sem Fjölbauta-skólinn í Breiðholti gefur út, þar sem hann sé nemandi, hafi verið skrifuð við nafn sitt þessi athugasemd: „Ef þið finnið steraglasíð mitt eða töflurnar mínar, vinsamlegast hafið samband við mig.“ Hafi hann heyrt á sundstöðum, að hann væri baktalaður, svo og á opinberum stöðum og útlit sitt tengt

steranotkun. Eftir ummæli stefnda hafi verið mikil umræða meðal félaga sinna í vaxtarræktinni vegna áreitni, sem menn urðu fyrir. Hann hafi ekki orðið var við lyfjamisnotkun í vaxtarrækt, heldur aðeins heyrt hana utan að sér svo og lesið um hana í erlendum blöðum. Hann kvaðst þekkja núverandi Íslandsmeistara fullorðinna í vaxtarrækt, og sá, sem eigi 8.000 stera-töflur, bíði af því mestan hnekki sjálfur. En meðal vaxtarræktarmanna sé misnotkun á lyfjum litin hornauga. En allt um það standi meiðandi ummæli stefnda óhögguguð.

Stefndi, Pétur Ingvi Pétursson, ber fyrir réttinum, að hann þekkti engan stefnenda. Með ummælum sínum hafi vakað fyrir sér að berjast gegn heilsuvá, sem hann hafi talið umtalsverða, en ekki verið litin nægilega alvarlegum augum. Hafi hann viljað reyna að koma í veg fyrir, að unglingar ánetjuðust þessari lyfjaneyslu. Eftir að málaferlin fóru af stað, hefði komið í ljós, að þetta vandamál væri síst minna en hann ætlaði. Er hann viðhafði ummælin 3. apríl 1991, þ. e. a. s. „Mér skilst o. s. frv., “– hafi hann ekki á þeim tíma haft sannanir fyrir þessu. Hafi hann tekið fram í útvarpsþættinum, að þetta væri í öllum íþróttum, einkum kraftaíþróttum. Með vaxtarrækt hafi hann átt við kraftaíþróttir, en hins vegar hafi margir viðmælendur sínir væntanlega átt við keppnismenn í vaxtarrækt. Orðalagið: „Eistun á þessum ræflum o. s. frv.,“ – hafi hann notað til að koma ákveðnum sannleika á framfæri, og að hinu leytinu hafi hann verið að gera ástandið, sem menn komast í sakir lyfjanna, síður eftirsóknarvert í augum þeirra, sem orðin voru ætluð. Hafi hann skýrt þessi orð sín í kvöldfréttum Ríkisútvarpsins 3. maí 1991, sbr. dskj. nr. 4, og vísar hann til þess, en fréttin er svohljóðandi:

„Pétur Pétursson, heilsugæslulæknir á Akureyri, segir, að læknar í Reykjavík staðfesti orð sín um, að algengt sé, að vaxtarræktarmenn og kraftlyftingamenn á Íslandi noti hormónalyf. Pétur kveðst undrast það, að Ólafur Sigurgeirsson hæstaréttarlögmaður skuli stefna sér fyrir ummæli í útvarpsfréttum í aprílbyrjun.

Pétur Pétursson: Viðbrögð mín eru fyrst og fremst undrun. Ég er hissa á því, að þessi eftirmynd gríska guðsins Appollós, eins og hann segist vera, skuli ráðast að mér með ofstopa og þjónnaskap, sem raun ber vitni. Ég hef ekki ráðist á samtök vaxtarræktarmanna, ég hef ekki ráðist á samtök kraftlyftingamanna. Ég átti von á því, að forvígismenn þessara samtaka kæmu og þökkðu mér fyrir að fræða þá um heilsufarsvandamál eða hættu, sem að þeim steðjaði. Ég er þeirrar skoðunar, að það sé skylda mín sem læknis. Í siðareglum okkar lækna er lögð rík áhersla á það, að hlutverk okkar sé verndun heilbrigði og barátta gegn sjúkdómum og að starfi okkar fylgi

ábyrgð gagnvart einstaklingnum og samfélagi. Það var skylda mín að miðla nýjum upplýsingum, sem sífellt bætast við, um skaðsemi þessara lyfja. Það er fyrst og fremst um að ræða lifrarskaða, hugsanlega krabbameinshættu; það eru dauðsföll, sem hafa hlotist af þessu, hugsanlega hér innan lands. Sýkingar, ígerðir, smit, sumir nota dýralyf, og það, sem kannski er verst, það er geðveiki, sem farin er að koma í ljós.

Kristján Sigurjónsson: En hvað hefurðu fyrir þér, þegar þú segir, að stór hluti vaxtaræktarmanna og kraftlyftingamanna noti hormónalyf?

Pétur Pétursson: Ég hef nú kannski ekki sagt, að stór hluti þeirra geri það. Ég hef sagt, að ég hafi heyrt vissa aðila taka svo djúpt í árinni. Ég veit hins vegar, að ég hef séð toppinn af ísjakanum, talsverðan topp. Það er auðvelt að lesa fjölmiðla. Það eru Íslendingar í keppnisbanni, það er getið um sjúkdóma, sjúkrahússvistir íslenskra íþróttamanna, sem hafa notað þessi lyf. Nú, ég nota augun, það er hægt að þekkja þessa einstaklinga, sérstaklega þegar þeir taka breytingum. Þar að auki hefur síminn varla stoppað hjá mér í dag vegna hringinga starfsbræðra að sunnan, sem eru að segja frá sinni reynslu.

Kristján Sigurjónsson: Staðfesta þeir það, sem þú segir?

Pétur Pétursson: Já, það gera þeir.“

Hann sagði, að steralyfja væri ýmist neytt í töfluformi eða með sprautum. Hann sagði það hugsanlegt, að hann hefði í einu tilfelli vísað lyfjaneytanda til fjölmiðla, sem kom síðan fram undir nafnleynd í sjónvarpsþætti.

Stefndi kvaðst líta á vaxtarækt sem íþrótt. Hins vegar hefði hann talið þörf á því að taka sérstaklega fram, er hann tali um vaxtaræktarmenn, að tala um vaxtaræktar- og íþróttamenn, vegna þess að hann álíti, að margir telji vaxtarækt ekki íþrótt, þar sem ekki sé keppt í færni, heldur sé verið að sýna sig.

Álit dómsins.

Það er álit dómsins, að með ummælum sínum: „Mér skilst það, að þeir, sem stunda vaxtarækt, það heyri til undantekninga, ef þeir karlmenn eru ekki á sprautum,“ – hafi stefndi beint þeim að tiltölulega afmörkuðum hópi manna, sem með réttu gátu tekið þessi ummæli til sín. Er því ekki fallist á þá málsástæðu stefnda, að um aðildarskort stefnenda sé að ræða. Dómurinn getur þess, að þeir stefnendur, er fyrir dóm komu, voru gjörvulegir menn og áberandi vel að manni, a. m. k. miðað við þá, er dómþingið sóttu. Ekki er heldur fallist á þá málsástæðu stefnda, að um oftúlkun á ummælum hans hafi verið að ræða. Séu ummæli stefnda: „Eistun á þessum ræflum rýrna og verða ræfilsleg,“ – skoðuð í samhengi, má á það fallast, að í sjálflu

sér geti allir misnotendur steralyfja tekið þau til sín, því að framsetning orðanna er þannig, að hún er í sjálfu sér niðrandi, þar sem orðið ræfill merkir samkvæmt orðabók Menningarsjóðs veslingur, garmur, aumingi. Ekki er fallist á þá málásástæðu stefnda, að sannindareglan, *exceptio veritatis*, réttlæti ummæli hans, þar sem líta verður til vitneskju stefnda, er ummælin voru viðhöfð, sérstaklega þegar lítið er til hins afmarkaða hóps, sem ummælin beinast að, enda þótt stefndi hafi heyrt orðróm um lyfjamisnotkun utan að sér.

Ber þá að líta á réttlætingarástæður og hagsmunagæsluatriði þau, er stefndi færir fram kröfu sinni til stuðnings. Á þau sjónarmið hans getur dómurinn fallist sem meginreglu, en hér verður stefndi að kunna sér hóf sem aðrir, þó að hann berjist fyrir hinum góða málstað, og réttlætast ummæli hans um stefnendur ekki af þessum sökum.

Ber þá að lokum að líta til 72. gr. stjórnarskrár lýðveldisins. Vissulega er tjáningarfrelsi manna þar varið, og stefndi hefur réttilega bent á dóm Mannréttindadómstóls Evrópu frá 25. júní 1992 sýknukröfu til stuðnings.

Stjórnarskrárákvæði þetta er hins vegar takmarkað samkvæmt XXV. kafla alm. hgl., þar sem segja má, að mönnum sé haslaður völlur til orðaskipta og verða að halda sig innan marka hans. Ummæli stefnda verða ekki talin honum vítaláus, þó að hann sé í sjálfu sér að vekja athygli á sannanlegri heilsuvá og þarfrí þjóðfélagslegri umræðu og honum hafi í sjálfu sér gengið gott eitt til.

Með ummælum sínum, þykir dóminum, að fallast verði á, að stefndi hafi misgert við stefnendur. Þykir stefndi með ummælum sínum hafa brotið gegn 234. og 235. gr. alm. hgl. nr. 19/1940. Eru því ummæli hans: „Mér skilst það, að þeir, sem stunda vaxtarrækt, það heyri til undantekninga, ef þeir karlmenn eru ekki á sprautum,“ – dæmd ómerk.

Ekki þykir dóminum sannað, að stefnendur hafi orðið fyrir slíkum miska, er fjákrafa þeirra miðast við, og verður í því sambandi að líta á ummæli stefnda í víðara samhengi, þar sem allir íþróttamenn máttu taka þau til sín. Framburður stefnenda hér fyrir dóminum þykir ekki hafa rennt sérstökum stoðum undir miskabótakröfu þeirra, þar sem allir þeir, sem skera sig úr fjöldanum, mega þola umtal, bæði illt og gott, og ber á það að líta, að stefndi skoraði á stefnendur að mæta hér fyrir dómi, ella að gjalda þess skv. 50. gr. laga nr. 91/1991. Þykir mega fallast á þetta sjónarmið stefnda, og er hann því sýknaður af öllum fjákröfum stefnenda, þ. m. t. einnig af kröfum þeirra um fjárhæð til að standa straum af kostnaði við birtingu dóms þessa í fjölmiðlum.

Varðandi refsipáttinn þykir eftir atvikum rétt, að ákvörðun um refsingu

stefnda verði frestað og hún falli niður að 2 árum liðnum, enda haldi stefndi skilyrði 3. mgr. 57. gr. alm. hgl. nr. 19/1940, sbr. l. nr. 22/1955.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

D ó m s o r ð:

Ummæli stefnda, Péturs Péturssonar: „Mér skilst það, að þeir, sem stunda vaxtarrækt, það heyri til undantekninga, ef þeir karlmenn eru ekki á sprautum,“ – skulu ómerk.

Ákvörðun refsingar stefnda er frestað, og falli hún niður að tveimur árum liðnum frá lögbirtingu dóms þessa að telja, haldi hann skil-orð 3. mgr. 57. gr. laga nr. 19/1940, sbr. l. nr. 22/1955.

Stefndi er sýknaður af öllum fjárkröfum stefnenda.

Málskostnaður fellur niður.
